

| | | | |
|---------------------|--------------------|-------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 24.11.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Munck Íslandi ehf. | Eftirlitsmaður | Gottskálf Friðgeirsson |
| Heimili | Hlíðasmára 4 | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 701013-0340 | Flokkur | Malbik |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hörður Gunnarsson | ÍSAT nr. | 23.99.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Geir Birgisson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit voru 9 eldri frávik (2018 -2019) enn opin. Tímasett úrbótaáætlun liggur fyrir og þar er gert ráð fyrir að úrbótum verði lokið á vormánuðum 2022 eða fyrr ef stöðin verður sett í gang.

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en þrjár ábendingar eru gerðar.

Til samræmis við kröfur í starfsleyfi þá skal senda afrit af uppfærðri viðbragðsáætlun til Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar (HMS) og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS).

Rekstraraðila er bent á að ljúka vinnu við afmörkun lóðar og girðingarvinnu.

Rekstraraðili skal þjónusta olfuskiptur í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit með starfsleyfi malbikunarstöðvar Munck á Íslandi ehf. við Álhellu 18. Viðstaddir eftirlitið voru Hörður Gunnarsson og Geir Birgisson fulltrúar rekstraraðila, Ríkharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogs og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Boðuð dagskrá:

1. Rekstrarstöðvun malbikunarstöðvarinnar
2. Kröfur í starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
4. Skráning olfugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
5. Frávik og úrbætur skv. úrbótaáætlun
6. Frárennsli og þjónusta við olfuskiptu

Skoðun á búnaði og lóð

1. Rekstrarstöðvun

Malbikunarstöðin tilkynnti rekstrarstöðvun þann 7. júní 2019 en ekki hefur verið framleitt malbik þar síðan 2018. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var virkjuð.

Þegar rekstrarstöðvun var tilkynnt voru 14 opin frávik frá kröfum í starfsleyfi malbikunarstöðvarinnar, átta vegna eftirlits ársins 2018 og sex vegna eftirlits ársins 2019. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að brugðist yrði við og úrbætur gerðar vorið og sumarið 2020. Í fyrra eftirlit ársins hjá rekstraraðila kom í ljós að áætlunin hafi ekki gengið eftir. Óskaði Umhverfisstofnun þá eftir því að tímasett úrbótaáætlun yrði endurnýjuð með nýjum frestum. Ný útbótaáætlun barst 12. nóvember sl.

Úrbótum skal lokið á vormánuðum 2022.

Í 5. lið verður farið yfir stöðu úrbóta sem gerð hefur verið áætlun um.

2. Kröfur starfsleyfisins

Áætlanir: Fjórar áætlanir skulu liggja fyrir og vera aðgengilegar. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eins og áður hefur verið nefnt. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna sem og við óhagstæð veðurskiptyrði og áætlun um eftirlit með virkni reykheinsvirkis.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila er úrbótum lofað þann 1. maí 2022 vegna áætlunar til að fylgjast með virkni reykheinsvirkja og í nóvember sl. barst uppfærð viðbragðsáætlun. Bent er á að rekstraraðili skal senda skal Mannvirkjastofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af viðbragðsáætluninni. Aðrar áætlanir eru í lagi.

Skýrslur og gagnaskil: Gerð er krafa um skil á árlegum mælingagögnum vegna greina nr. 3.6 og 37 í starfsleyfi. Eins skil á grænu bókhaldi árleg fyrir 1. maí ár hvert.

Á meðan stöðin er í rekstrarstöðvun er ekkert álag frá henni vegna losunar til lofts eða fráveitu. Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að mælingar verði framkvæmdar þegar framleiðsla hefst að nýju, en í síðasta lagi 1. maí 2022.

Skráningar: Skrá skal reglulega eftirtaldr upplýsingar: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar, magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, prófun og kvörðun mælitækja, magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku. Rekstraraðili lofar að skráningar

verði viðhafðar strax og starfsemi hefst aftur.

Umhverfismarkmið: Rætt var um markmiðasetningu í umhverfismálum og hvernig nýta má markmiðin til þjálfunar starfsmanna. Með mælanlegum markmiðum þá er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Áhættumatið verður endurskoðað um áramót.

4. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 884/2017 er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Rekstraraðili hefur sent upplýsingar um olúgeyma á starfstöð sinni.

5. Frávik og úrbætur skv. úrbótaáætlun

Skoðaðar voru úrbætur rekstraraðila við eldri frávikum:

Frávik vegna ákvæða í grein 3.8 um geyma og lagnir og staðsetningu þeirra á olúheldu plani tengdu olúskilju er lokað.

Fráviki vegna ákvæði í grein 4.3 um myndavélaeftirlit er lokað.

Fráviki vegna ákvæða í grein 4.8 um grænt bókhald er lokað.

Skoðaðar voru framkvæmdir við afmörkun lóðar. Frávik frá ákvæðum í grein 2.3 um að bannaður sé aðgangur óviðkomandi. Tilkynt hefur verið að girðingarvinnu á milli lóðar 17 og 18 væri lokið og annað ófært nema með þríli. Í grein 2.3 segir að „aðgangur skal bannaður fyrir óviðkomandi. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið“.

Því er farið fram á áframhaldandi vinnu við afmörkun lóðar og girðingarvinnu.

Enn eru níu eldri frávik opin en tímasett úrbótaáætlun liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að öllum úrbótum verði lokið um vor og sumar 2022 eða um leið og rekstur hefst að nýju.

6. Frárennsli og þjónusta við olúskilju

Spurt var út í þjónustu við frárennsli og olúskilju. Skiljur hafa ekki verið þjónustaðar á árinu. Þar sem lítið álag er á hreinsikerfi í frárennsli var rekstraraðila bent á að láta þjónusta olúskiljur og sandföng. Þar sem allt athafnasvæði rekstraraðila er ómalbikað þá er hættu á að sandur og fínefni safnist fyrir í sandfangi olúskilja og þörf á skoða mannvirkin og tæma eftir þörfum. Bent er á að skrá skal þjónustu við hreinsivirki (mengunarvarnabúnaði).

Skoðun á búnaði og lóð

Gengið var um svæðið með fulltrúum rekstraraðila. Malbikunarstöðin var á sínum stað en enn er stór hluti lóðarinnar er undir lager sem tengist byggingarstarfsemi Munck. Gámar og annar fyrirferðamikill búnaður þrengja að. Efnishaugar hafa að mestu verið seldir og eru farnir. Áfram eru atriði sem koma fram í frávikum fyrri ára s.s. malbikaðar akstursleiðir, ásýnd lóðar og aðstaða til úðunar ókláruð. En eins og segir framar í skýrslunni þá er aðgerðaráætlun til staðar.

ÁBENDINGAR

1. Til samræmis við kröfur í starfsleyfi þá skal senda afrit af uppfærðri viðbragðsáætlun til Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar (HMS) og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS).

2. Rekstraraðila er bent á að ljúka vinnu við afmörkun lóðar og girðingarvinnu.

3. Rekstraraðili skal þjónusta olúskiljur í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2020



Gottskálk Friðgeirsson